



Til aðildarsveitarfélaga SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Selfossi, 27. ágúst 2025

Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 23. og 24. október 2025

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 23. og 24. október nk. í Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt skráningarform <https://forms.office.com/e/fK8MukMeXi> fyrir **1. október** nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2025	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.589	5
Skaftárhreppur	627	3
Mýrdalshreppur	965	3
Rangárþing eystra	2.073	5
Rangárþing ytra	1.940	4
Vestmannaeyjabær	4.470	7
Ásahreppur	299	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	617	3
Flóahreppur	726	3
Sveitarfélagið Árborg	12.064	15
Hrunamannahreppur	914	3
Bláskógabyggð	1.362	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	575	3
Hveragerðisbær	3.300	6
Sveitarfélagið Ölfus	2.757	5
Samtals	35.278	71

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal samkvæmt samþykktum aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila sem eru eftirtaldir: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.



Kjörgengir á aðalfundina eru **framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn** þeirra.

Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn **Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðisnefndar Suðurlands** og **framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga**, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig skráð rafrænt með fyrr nefndu skráningarformi. Aðalfundirnir eru einnig opnir **öðrum sveitarstjórnarmönnum** á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum, sem skulu einnig skráðir rafrænt með sama skráningarformi. Mikilvægt er að allir fulltrúar séu skráðir rétt. **Ítreka** að skrá þarf alla sem koma á ársþingið.

Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Klaustri, Gistiheimilinu Klausturhofi og Magma Hóteli frá miðvikudeginum 22. október (fyrir þá sem þurfa þess) og fimmtudaginn 23. október nk. Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun og nafnalista á netfangið; sj@hotelklaustur.is í síðasta lagi **16. september** nk. og taki fram að það sé **vegna ársþings SASS**. Tilgreina þarf nafn, kt. og tengilið sveitarfélagsins og hvort óskað er eftir gistingu í eina eða tvær nætur. Ekki verður tekið við pöntunum frá einstökum fulltrúum. Einnig eru frátekin herbergi á Hótel Laka og bókunarbeiðni fyrir það eru sendar á birna@hotellaki.is í síðasta lagi **16. September** nk.

Viljum við ítreka að eftir 16. september nk. fara herbergin í almenna sölu.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakanna þannig að sveitarfélögin þurfa ekki að gera það þó sömu aðilar séu jafnframt tilnefndir fulltrúar sveitarfélaganna á fundinum.

Annar kostnaður vegna ársþingsins, þ.e. vegna fundaraðstöðu, kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir **8. október** nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum. Ef tillagan snýr að breytingum á samþykktum samtakanna þurfa þær að berast **stjórn þremur vikum fyrir aðalfund eða í síðasta lagi 1. október** nk.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstöku vefsvæði í síðasta lagi þann 8. október nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verður sent lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðið. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Með kveðju, f.h. stjórnar SASS
Ingunn Jónsdóttir
framkvæmdastjóri